

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 615,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 215,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 215,00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 215,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 45,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 280,00
7. Fyrir fjármark	— 55,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 30,00
9. Fyrir innköllun	— 280,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 110,00
11. Fyrir ógildingarstefnu	— 280,00
12. Fyrir dómsbirtingu	— 280,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim.	— 160,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 26,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 23. nóvember 1981. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 456 30. júlí 1981 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1981.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.

Nr. 636.

6. nóvember 1981.

AUGLÝSING

um umferð á Selfossi.

Að fengnum tillögum bæjarráðs Selfoss og með vísan til 65. gr. umferðarlaga, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Selfossi:

Bann við akstri á Sigtúni frá Árvegi að Austurvegi til suðurs er hér með fellt niður.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Lögreglustjórnin á Selfossi, 6. nóvember 1981.

Allan V. Magnússon.

e. u.